

**Mál nr. 207/1999**

**S, bresk lögmannsstofa, f.h. F Ltd.  
og  
Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6.9.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1132/1999.
3. Bréf til H frá föður hans, dags. 14.10.1997.
4. Skuldbindingaryfirlýsing (undertaking) G hdl, dags. 16.10.1997.
5. Bréf H til G, dags. 2.12.1997.
6. Alls 18 bréf S, dags. 20.11.1997 til 10.8.1999.
7. Bréf G, dags. 5.5.1999.
8. Þrjú bréf X, dags. 14.12.1998, 19.5.1999 og 4.10.1999.
9. Tvö bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 26.5.1999 og 6.7.1999.
10. Ensk þýðing á bréfi G og vátryggingarskilmálum

**Málsatvik.**

Með sérstakri yfirlýsingu (undertaking), dags. 16.10.1997, skuldbatt G hdl. (hér eftir nefndur G) sig gagnvart firmanu F í Bretlandi til að greiða inn á tiltekinn bankareikning F í London 45.000 sterlingpund eigi síðar en mánudaginn 27.10.1997. Var greiðslan bundin því eina skilyrði að greiðsla hafi þá ekki borist frá viðskiptavini firmans, H. G mun ekki hafa innt greiðsluna af hendi og með tilkynningu H, dags. 2.12.1997, var hann m.a. að fullu leystur undan (fully released) undan fyrrgreindri skuldbindingu. Í bréfi G til X, dags. 5.5.1999, segir að G hafi verið falið að tryggja að peningagreiðsla, sem innt yrði af hendi frá þriðja aðila, skyldi renna til greiðslu húsaleiguskuldar H í London. Hafi ábyrgðaryfirlýsingin varðað þessa greiðslu. Áður en G barst nokkur greiðsla hafi honum verið tilkynnt að hann hefði ekki lengur þessi störf með höndum.

Með bréfi breskrar lögmannsstofu, S, til téðs H, dags. 15.12.1997, var staðfest samþykki F á boði H um greiðslu 20.000 sterlingspunda, sem skyldi greidd eigi síðar en föstudaginn 19.12.1997. Hafi greiðsla hins vegar ekki borist innan hins tiltekna tíma hafi hann mátt líta svo á að boði hans hafi verið hafnað.

S hefur krafist X um greiðslu á þeirri fjárhæð sem G skuldbatt sig til að inna af hendi samkvæmt yfirlýsingunni frá 16.10.1997. Félagið hefur hafnað greiðsluskyldu.

**Álit.**

Ekkert er vitað nákvæmlega um tildrög þess að G gaf út umrædda yfirlýsingu þann 16.10.1997 að öðru leyti en því að hún varðaði greiðslu á húsaleiguskuld H í London. Ekkert er heldur vitað hvort eða að hvaða marki greiðslur hafi verið inntar af hendi í tengslum við uppgjör á skuldinni.

Í 1. gr. skilmála X fyrir starfsábyrgðartryggingu lögmannna kemur fram að vátryggt sé gegn bótaskyldu, er fellur á vátryggingartaka sem lögmann þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanna hans. Í 2. gr. skilmálanna eru tilgreindar áhættur, sem ábyrgð félagsins tekur ekki til. Samkvæmt 2. tl. þeirrar greinar nær ábyrgð félagsins ekki til ábyrgðar sem vátryggingartaki hefur tekið á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem lögmanns.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að F hafi orðið fyrir almennu fjártjóni, sem beinlínis verður rakið til þess að greiðsla var ekki innt af hendi samkvæmt yfirlýsingu G frá 16.10.1997. Ef G telst vera bundinn af greindri yfirlýsingu þá felst í því skuldbinding sem er víðtækari en almenn skaðabótaábyrgð lögmanns. Með vísan til 2. tl. í 2. gr. skilmála sem gilda um starfábyrgðartryggingu G nær váttryggingin ekki til kröfu S á hendur G. Þegar af þeirri ástæðu fæst krafa S ekki greidd úr starfsábyrgðartryggingu G hjá X.

**Niðurstaða.**

Krafa S fæst ekki bætt úr starfsábyrgðartryggingu G hdl. hjá X.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.